



OKKAR ÖRYGGI

- fyrir „efin“ í lífinu

OKKAR ÖRYGGI

Slysin verða án fyrirvara. Því miður kemur það fyrir að eftir standi einstaklingur sem þarf að glíma við varanlega örorku eða fjölskylda án fyrirvinnu. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að hafa fjárhagslegan bakhjarl svo hægt sé að takast á við breyttar aðstæður án þess að þurfa samtímis að glíma við íþyngjandi fjárhagsáhyggjur.


OKKAR líftryggingar bjóða einfalda tryggingu, OKKAR öryggi, sem greiðir fullar bætur við andlát vegna slyss eða ef afleiðingar þess hafa í för með sér 70% varanlega læknisfræðilega örorku.

Aðalatriði OKKAR öryggis:

- Samsett trygging með dánar- og örorkubótum vegna slyss.
- Tryggingartaki velur sjálfur vátryggingarfjárhæðina.
- Ekki er þörf á sérstakri heilsufarsyfirlýsingu.
- Við 70% varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyss greiðast fullar bætur í einu lagi til vátryggðs.
- Við andlát vegna slyss greiðast bætur til eftirlifenda.
- Vátryggingin fellur niður við útgreiðslu örorkubóta.

Okkar ábyrgð

Lífi fylgir ábyrgð – oftast bæði á sjálfum sér og öðrum. Ekkert **okkar** á framtíðina vísa heldur einungis augnablikið. Enginn veit í raun hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Flest lífum við þess vegna fyrir líðandi stund en besta leiðin til að njóta hennar er að lágmarka áhyggjur **okkar** af óvissunni. Þegar ábyrgð **okkar** er annars vegar getur OKKAR öryggi skipt sköpum.



TRAUSTAR UNDIRSTÖÐUR

Persónuþryggingar snúast fyrst og fremst um fjárhagslegt öryggi til langrar framtíðar. Þær eru ein af mikilvægustu undirstöðunum í lífi fólks og fjárhagslegur styrkur er grundvallaratriði í starfsemi þeirra sem veita slíkar tryggingar. Undirstöður OKKAR líftryggingar hf. eru því einnig hluti af fjárhagslegum undirstöðum þeirra tugþúsunda viðskiptavina sem félagið hefur þjónað á sviði trygginga og sparnaðar í meira en fjörutíu ár. Fyrir traust þessa stóra hóps erum við bæði þakklát og stolt.

Starfsemi OKKAR stendur traustum fjárhagslegum fótum. Á því hefur engin breyting orðið þrátt fyrir breyttar aðstæður í íslensku efnahagslífi. Eignir félagsins hafa um margra ára skeið nær eingöngu verið bundnar í ríkisskuldabréfum og á innlánsreikningum bankanna. Öruggarí ráðstöfun þeirra fjármuna sem okkur er treyst fyrir er í raun óhugsandi. Þannig stöndum við traustan vörð um öryggi **OKKAR** viðskiptavina.